


Klausturbleikja
Klausturvegi 5
880 Kirkjubæjarklaustur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 16. maí 2014
Tilvísun: UST20130500204/edk

Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf, dagsett 13. september 2013, þar sem áformað var að áminna **Klausturbleikju** vegna fráviks frá starfsleyfi sem fram kom við reglubundið eftirlit þann 9. apríl sl. hvað varðar hönnunar setþróar þannig að auðvelt sé að ná seyru úr henni.

Í bréfinu frá 13. september sl. óskaði Umhverfisstofnun eftir tímasettri áætlun rekstraraðila um úrbætur á þessu frávik og var farið fram á að áætlunin bærist stofnuninni eigi síðar en 30. september 2013.

Þann 30. október sl. barst bréf frá rekstraraðila þar sem óskað var eftir frest til 20. desember 2013 til að skila inn tímasettri úrbótaáætlun. Sá frestur var veittur. Þann 8. janúar sl. óskaði rekstraraðili eftir enn frekari frest, með símtali, þar sem fyrirhugað er að stækka stöðina og áætlað að sækja um nýtt starfsleyfi samhliða þeirri stækkun. Óskaði stofnunin eftir tímasettri áætlun framkvæmda á allra næstu dögum.

Umhverfisstofnun hefur enn ekki hefur borist umrædd áætlun né staðfesting á því úrbótum á ofangreindu frávik sé lokið. Stofnunin veitir því Klausturbleikju, áminningu, sbr. 26. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Umhverfisstofnun veitir Klausturbleikju, frest til úrbóta til og með 2. júní 2014.

Sinni Klausturbleikja ekki tilmælum Umhverfisstofnunar innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir allt að upphæð 500.000 kr á dag þar til úr er bætt, sbr. 2. mgr. 44. gr. reglugerðar nr. 739/2003.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 49. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Skal kærán borin fram við nefndina innan eins mánaðar frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila í hendur skv. 1. gr. laganna. Aðsetur nefndarinnar er að Skúlagötu 21, 101 Reykjavík.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á 1. gr. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 1281/2013, þar sem segir að stofnunin innheimti gjald fyrir útselda vinnu sérfræðings við verkefni og


þjónustu sem stofnuninni eru falin í lögum og reglugerðum


og sem heimilt er að taka gjald fyrir. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá.

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa samband við Evu Dögg Kristjánsdóttur í síma 591-2000 eða með tölvupósti á eva.kristjansdottir@ust.is.

Gögnum og staðfestingu á úrbótum skal skila til Umhverfisstofnunar eða í tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, ust@ust.is.

Virðingarfyllt


Sigrún Ágústsdóttir
sviðsstjóri


Eva Dögg Kristjánsdóttir
sérfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurlands